

**Reglur Fljótsdalshéraðs vegna heimilda í 7. gr. reglugerðar  
Félagsmálaráðuneytisins um fasteignaskatt, dagsettri 23. desember  
2005.**

Í 7. grein reglugerðarinnar stendur meðal annars:

*Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar- íþróttá- æskulýðs og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um slíka starfsemi:*

**Reglur Fljótsdalshéraðs.**

Styrkir samkvæmt reglum þessum verða veittir vegna fasteigna þar sem rekin er, án þess að vera í ágóðaskyni, menningar- æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf.

Félagasamtök geta sótt um og fengið styrk hjá sveitarfélaginu vegna álagningar fasteignaskatts á húsnæði í þeirra eigu, sem nýtt er til ofangreindrar starfsemi. Styrkurinn nemur mismun á álagningu fasteignaskatts samkvæmt C- flokki sem lagður er á slíkt atvinnuhúsnæði og álagningu á viðkomand húsnæði samkvæmt A-flokki. Af umræddu húsnæði greiðir eigandi því fasteignaskatt eins og um íbúðarhúsnæði væri að ræða.

Umsóknum skal skila fyrir 31. janúar ár hvert. Í umsókninni komi fram stutt lýsing á starfsemi sem fer að jafnaði fram í húsnæðinu og frávikum frá henni ef þau eru til staðar. Ef það húsnæði sem sótt er um styrk fyrir er leigt út td. til veisluhalds, verslunarstarfsemi, dansleikjahalds eða ferðaþjónustu, reiknast styrkurinn sem ákveðið hlutfall af nýtingu hússins. Heimilt er sveitarfélaginu að óska eftir frekari skýringum og gögnum hjá umsækjenda sem sýna fram á nýtingu húsnæðisins.

Af atvinnuhúsnæði sem sveitarfélagið er leigjandi að undir ofangreinda starfsemi greiðist fullur fasteignaskattur, enda skal gert ráð fyrir því í forsendum við útreikning húsaleigunnar.

Starfsmönnum sveitarfélagsins ber að halda skrá yfir það húsnæði sem nýtur umræddra styrkja og skal hún lögð fyrir og staðfest af bæjarráði í upphafi hvers árs.

*Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.*

**Þessar reglur eru þegar til staðar.**

*Varðandi heimild sveitarstjórnar til að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar, af útihúsum í sveitum sem einungis eru nýtt að hluta, eða standa ónotuð, sem og af friðuðum húsum.*

**Umræddar heimildir voru ekki nýttar hjá þeim sveitarfélagum sem mynda nú Fljótsdalshérað og mun sveitarstjórn ekki breyta þeirri ákvörðun að svo stöddu.**